

Breytingartillögur

við frv. til l. um landshlutaverkefni í skógrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. 3. tölul. orðist svo: *Landbótaskógrækt*. Ræktun skógar á illa fögnu eða eyddu landi með það að meginmarkmiði að auka gróðurþekju, bæta jarðveg og vatnsbúskap og auka þannig gildi landsins til margvíslegra nytja.
2. Við 3. gr.
 - a. Í stað orðanna „Héraðsskógar á Austurlandi“ í 1. mgr. komi: Héraðs- og Austurlandsskógar.
 - b. Við 3. mgr. bætist: og landbótum.
3. Við 10. gr.
 - a. Orðin „og skulu enn fremur staðfestir af landbúnaðarráðherra“ í 1. másl. 1. mgr. falli brott.
 - b. Orðin „sem staðfest hefur verið af ráðherra“ í 3. másl. 1. mgr. falli brott.
 - c. 2. mgr. falli brott.